

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Strútslaug, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 8. júní 2016, tillögu að deiliskipulagi fyrir Strútslaug. Áformað er að reisa skýli fyrir salerni, geymslu og búningsaðstöðu ásamt því að leggja göngustíg frá skýli að Strútslaug.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 29. júní 2016.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2016